

Sestu Lestu



Leitin
að hafninum



ISBN: 978-9979-0-1843-8

© 2014 Þórdís Gísladóttir

© 2014 teikningar og myndasögur Ingi Jensson

Ljósmynd á bls. 42 Þórir N. Kjartansson

Ritstjórn: Sýlvía Guðmundsdóttir

1. útgáfa 2014

Námsgagnastofnun

Kópavogi

Leturgerð meginmáls: Optima 14 pt.

Hönnun og umbrot: Námsgagnastofnun

Prentvinnsla: Prentækni ehf.

Sestu Lestu

Leitin að haferninum



Þórdís Gísladóttir
Ingi Jensson teiknaði myndir

Efnisyfirlit


1. kafli	5
2. kafli	11
3. kafli	14
Myndasaga	20
4. kafli	22
5. kafli	29
6. kafli	35
Myndasaga	41
Viltu vita meira?	42
Úrvinnsla	48

Sestu Lestu



Í þessari sögu fylgist þú með mæðgum sem fara í ferðalag og leita að haferni.

Þú ættir að byrja á að skoða teikningarnar og velta fyrir þér söguþræðinum.

Í bókinni sérðu víða svona blöðrur  Þær eru til að þú **staldrir við** og hugsir um það sem þú varst að lesa.

Það er líka gott að rifja upp söguna að loknum lestri.

Aftast í bókinni eru fróðleiksmolar um haferni. Suma viltu kannski lesa oftar en einu sinni.





1. kafli

Emilía er tíu ára. Hún býr í gulu húsi á Akureyri. Í húsinu búa líka Elsa Engilráð og Stefán. Þau eru mamma og pabbi Emilíu. Já og svo má ekki gleyma kettinum sem býr þar líka. Kötturinn er grár og hann heitir Mosi. Húsið þeirra er fast við tvö önnur hús. Það er í miðjunni. Elsa Engilráð kallar húsið þeirra raðhúsa-íbúð en Stefán kallar það raðhús.

Hvers vegna ætli mamma kalli húsið raðhúsa-íbúð en pabbi raðhús?



Nú er sumar. Í gær var síðasti dagur skólaársins hjá Emilíu. Þegar hún vaknar man hún strax eftir því að hún er í sumarfrí og þarf ekki að fara í skólann. Sólin skín inn um gluggann.

Emilía fer á fætur og gengur fram í eldhús. Þar er Mosi að elta flugu og mamma að smyrja brauð.


– Góðan daginn, Emilía, segir mamma. Það er aldeilis gott veður fyrsta daginn í fríinu þínu.

– Já, svarar Emilía.

Mosi tyggur fluguna. Honum finnst hún sennilega góð á bragðið. Emilía klappar honum og sest svo við eldhúsborðið.

– Það er enginn skóli í dag, segir hún. Og það verður enginn skóli á morgun heldur, og ekki hinn daginn, og ekki í margar vikur. Hvað ættri ég að gera?

– Það er einmitt það sem ég ætla að ræða við þig, segir mamma. Kuningi minn og samstarfsmaður sem er fuglafræðingur í Reykjavík



hringdi í mig og bað mig að koma vestur á Snæfellsnes í dag til að taka sýni úr haferni. Mig bráðvantar ferðafélaga og aðstoðarmanneskju. Þetta verður örugglega lærdómsrík ferð, ertu ekki til í að koma með?

Af hverju ætli mamma segi að ferðin verði lærdómsrík?

Elsa Engilráð, mamma Emilíu, er líffræðingur. Hún rannsakar lífverur. Stundum rannsakar hún fiska og stundum fugla. Hún hefur líka rannsakað smádýr sem eru svo örlítill að þau eru ósýnileg með berum augum. Þetta veit Emilía vel. Mamma hennar hefur sagt henni ýmislegt um það sem hún gerir í vinnunni.



Hvers vegna ætli fólk sem vinnur á rannsóknastofum sé oft í hvítum sloppum?

Hún fer oft í rannsóknafærðir með öðrum líffræðingum. Stundum vinnur hún líka á rannsóknastofu með tölvum og tækjum. Þá er hún í hvítum sloppi.

– Við þurfum að keyra vestur á Snæfellsnes, heldur mamma áfram. Þar hittum við fuglafræðinginn, samstarfsmann minn, hann heitir Pavel. Með honum förum við og leitum að arnarhreiðri, merkjum arnarunga og tökum blóðsýni.

– Blóðsýni? Hvað er nú það? spyr Emilía.

Henni finnst þetta hljóma spennandi.

– Það er sýni úr blóði arnarins, segir mamma.

Við tökum örlítið blóð úr fuglinum með sprautu og nál. Síðan er blóðið rannsakað til að komast að ýmsu um haförninn. Manstu ekki þegar þú fórst í blóðprufu?

Emilía man eftir því þegar hún þurfti að fara í blóðprufu. Það var ekki mjög skemmtilegt.

Þá var nál stungið í handlegginn

á henni og dálítið blóð

sogað út. Svo var settur

á hana plástur með mynd af Mikka mús.

Henni finnst skrítið að hugsa til þess að taka blóð úr stórum fugli, ætli hann

fái líka plástur

með mynd?



Af hverju ætli Emilíu finnist ekki mjög gaman í löngum bílferðum?

– Ég er sko til í að koma með, segir Emilía. En þurfum við að keyra langt? Emilíu finnast ekki mjög gaman í löngum bílferðum.

– Já, það er reyndar svolítið langt vestur á Snæfellsnes, segir mamma. En við stoppum á leiðinni.

Emilía fær sér morgunmat. Á meðan hún borðar hann veltir hún því fyrir sér hvað hafernir séu stórir, hvað þeir borði og hvar þeir eigi heima.

Spáðu í hvað þú veist um haferni. Skoðaðu líka blaðsíður 42–47.



2. kafli

Þegar Emilía er búin að borða morgunmat og klæða sig fer hún út í bílskúr. Þar er mamma að pakka farangri í skottið á bílnum þeirra. Það er ýmislegt sem líffræðingar nota. Til dæmis kíkir og kassi með tilraunaglösum. Svo setur hún tösku með fötum í skottið.

– Hlaupu inn og náðu í gúmmístígvélin þín, segir hún við Emilíu. Og regnföt og ullarsokka. Og við megum alls ekki gleyma sundfötum og handklæðum.

Emilía hleypur inn til að ná í það sem mamma nefnir. Hún tekur líka skemmtilega bók, sólgleraugu og flíspeysu. Þegar hún fer aftur út í bílskúr eltir Mosi hana.

Hvers vegna ætli Emilía hafi tekið með sér bók? Hefðir þú gert það?

- Mjá, mjá, segir hann.
- Ég held að hann langi með, segir Emilía. Má hann það?
- Ó, nei, ég er hrædd um ekki, svarar mamma. Þessi köttur yrði nú aldeilis til vandræða í fuglarannsóknarferð.

Hann verður að bíða heima hjá þabba.

- Þú mátt ekki koma með, segir Emilía við Mosa. Þú getur verið heima að veiða flugur og svo geturðu

farið í sólbað.

Mosa finnst gott að flatmaga í sólinni. Hann röltir í burtu alveg eins og hann skilji það sem Emilía segir.

Af hverju ætli mamma hafi ekki viljað hafa Mosa með?



Mamma skellir skottinu á bílnum. Það opnast strax aftur.

– Ég verð að raða betur, segir hún. Hún tekur dótið upp og setur á bílskúrsgólfið. Svo raðar hún aftur í skottið.

– Þetta er betra, segir mamma og skellir aftur skottinu. Nú lokast það. Þá kemur pabbi.

Hann er með blautt hár og sundföt í poka.

– Jæja, á að fara að leggja í hann? segir hann.

– Já, svarar mamma. Emilía verður aðstoðarlíffræðingur.

– Gott, segir pabbi. Svo kyssir hann mömmu og Emilíu í kveðjuskygni. Emilía er þegar komin inn í bíl. Mamma sest undir stýri. Hún bakkar út úr skúrnum.

Þær veifa pabba sem stendur brosandí fyrir framan húsið.





3. kafli

Mæðgurnar aka út úr bænum. Út um gluggann sér Emilía sveitabæi, kýr á beit, fjöll og fugla. Mamma segir henni ýmislegt um haförninn. Til dæmis að haförn sé oftast bara kallaður örn og að hann sé stærsti fuglinn á Íslandi og eina arnategundin. Annars staðar í heiminum búa aðrar tegundir arna, til dæmis skallaörn í Ameríku og glymörn í Afríku.

Þær fara um dal sem Emilía hefur oft ekið um. Hún veit að hann heitir Öxnadalur. Fjöllin eru há og brött. Mamma tekur aðra hönd af stýrinu og bendir á bóndabæ undir bröttum tind.

– Sjáðu þarna, Emilía, segir hún. Þetta er Hraun í Öxnadal. Þarna fæddist Jónas Hallgrímsson árið 1807. Hann var skáld og náttúrufræðingur. Það er eiginlega það sama og líffræðingur. Jónas samdi líka mörg kvæði. Meira að segja um örninn. Á hverju ári höldum við hátíðlegan dag íslenskrar tungu á afmælisdaginn hans, 16. nóvember.

Emilía man vel eftir degi íslenskrar tungu. Þá voru sungnar vísur eftir íslensk skáld í skólanum.

– Jónas var býsna hugmyndaríkur, heldur mamma áfram. Hann lét sér detta í hug allskonar ný orð yfir hluti sem ekki voru til nein orð yfir á íslensku. Til dæmis bjó hann til orðið sjónauki, sem er annað orð yfir kíkí. Hann skrifaði líka ritgerð um örninn og hélt að ernir gætu orðið hundrað ára gamlir. Ég held að það sé ekki rétt hjá honum. En ernir geta samt orðið býsna gamlir.



Hvort finnst þér betra orð kíkí eða sjónauki?


Emilía horfir á landið þjóta framhjá. Hún sér kindur, tré, gras, mela, ár og læki og bíla sem bruna á móti þeim. Emilíu syfjar og hún dottar. Skyndilega byrjar bíllinn að hristast og Emilía hrekkur við.

– Hvað er að gerast? segir mamma við sjálfa sig og hægir ferðina. Hún ekur inn á veg sem liggur upp að bóndabæ og leggur bílnum. Svo fer hún út og gengur aftur fyrir bíllinn. Emilía hoppar líka út.

– Æ, nei, segir mamma, þetta er slæmt, dekkið er sprungið. Hún bendir á hægra afturdekkið. Loftið er farið úr því.

– Ég verð að skipta um dekk.

Mamma opnar skottið. Hún þarf að taka farangurinn út til að finna verkfæri og varadekk.



Hún notar felgulykil til að losa rærnar sem halda dekkinu föstu. En svo finnur hún ekki tjakkinn sem þarf til að lyfta bílnum svo hægt sé að taka dekkið af.

– Hann á að vera hérna? segir hún við sjálfa sig. Hún tekur upp símann og hringir í pabba og segir honum frá sprungna dekkinu.

– Ó, nei, segir hún svo leið á svipinn og lítur á Emilíu. Tjakkurinn er á bílskúrsgólfinu, hann hefur orðið eftir þegar ég var að pakka í skottið. Þá sjá þær mann sem kemur gangandi til þeirra frá bóndabænum. Mamma kveður pabba og setur símann í vasann.

– Heilar og sælar, segir maðurinn. Ég heiti Jón og ég er bóndi. Ég sá í kíkinum mínum ofan af hlaði að þið væruð í vandræðum. Vantar ykkur hjálp? Mamma sýnir bóndanum sprungna dekkið.


Hvernig ætli mömmu hafi liðið þegar hún sá að hún hafði gleymt tjakknum?



– Við björgum þessu, segir hann. Svo fer hann aftur heim að bæ og kemur til baka með verkfæratösku. Á meðan hann hjálpar mömmu að skipta um dekk spyr hann á hvaða ferðalagi mæðgurnar séu. Þegar hann heyrir að þær ætli að skoða örn hnyklar hann brýnnar og horfir alvarlegur á mömmu og Emilíu.

– Örninn getur verið varasamur.

Nú skal ég kenna ykkur vísu sem amma mín kenndi mér þegar ég var lítill strákur:



Af hverju ætli bóndinn verði alvarlegur á svipinn?

Sterklegur fugl og stór er örn,
stundum hremmir hann lítill börn.
Flýgur með þau í krepptri kló
í klettahreiður í mosató.

Mamma brosir.

– Við vörum okkur á erninum, segir hún.

Emilíu finnst dálítið undarlegt að hugsa til þess að þessi gamli bóndi hafi einu sinni verið lítill strákur.



En allir fullorðnir voru víst einu sinni börn. Þó að þeir virðist stundum alveg hafa gleymt hvernig er að vera barn.

Bóndinn segir þeim síðan gamla sögu um örn sem tók barn með klónum og flaug með það langan spöl.

Barnið bjargaðist sem betur fór en það hefði getað farið illa ef örninn hefði komist með barnið í hreiðrið sitt hátt uppi í klettum. Emilía verður skelfd á svip.

– Þú þarft ekki að vera hrædd, Emilía, segir mamma. Við þössum okkur vel. Langflestar sögur um erni sem eiga að hafa rænt börnum eru þjóðsögur. Mæðgurnar þakka Jóni bónda hjálpina. Emilía veifar honum brosandi út um gluggann þegar þær aka aftur af stað.

Hvaða þjóðsögu manst þú eftir?







4. kafli

– Næst stoppum við á Blönduósi, segir mamma þegar þær hafa ekið um stund. Það er ekki mjög langt þangað. Haraldi frænda þínum finnst svo gaman að fá heimsókn. Manstu ekki eftir honum? Ég hringdi í hann í gærkvöldi og sagði að við myndum líta inn.

Emilía man vel eftir Haraldi frænda. Hann er lágvaxinn með stóra ístru og talar mjög hátt.

Skömmu síðar aka þær inn á Blönduós og að húsinu þar sem Haraldur býr. Það er stærsta húsið í bænum, enda bæði sjúkrahús og elliheimili.


– Hér býr Haraldur frændi í þjónustuíbúð fyrir aldraða, segir mamma. Ef ég þekki hann rétt fáum við fínar veitingar.

Mamma gengur inn á undan, upp á aðra hæð og að dyrum rétt við stigapallinn. Hún er bara búin að banka einu sinni þegar hurðinni er þeytt upp og þarna stendur frændinn í fínum fötum og með hálsbindi.

– Heillakerlingarnar mínar, segir hann hátt og faðmar fyrst mömmu og svo Emilíu. Hún finnur sterka rakspíralykt af honum.

– Gjörið svo vel og gangið í bæinn. Ég er búinn að leggja á borð.

Haraldur frændi er sko ekki að skrökva því að hann sé búinn að leggja á borð.



Af hverju ætli mamma hafi bara þurft að banka einu sinni?

Á borðinu eru þrír rósóttir bollar, kökudiskar, gafflar, kaffikanna, mjólk og eplasafi. Þarna er líka ýmislegt sem gott er að borða; pönnukökur, bæði upprúllaðar og með rjóma, jóla-kaka, súkkulaðiterta með kókosmjöli, kleinur og flatkökur með hangikjöti.



- Ertu alveg frá þér, Halli? segir mamma. Eigum við að borða þetta allt? Eða bauðstu fleira fólki í kaffi?
- Ég hef svo gaman af að baka. Og ykkur veitir ekkert af því að fá ykkur vel að borða,

svarar Haraldur frændi. Þið þurfið að vera vel haldnar þegar þið farið að eltast við örninn.

Þetta finnst Emilíu hljóta að vera rétt hjá Haraldi frænda. Hún fær sér af öllum sortum og drekkur tvö glös af eplasafa með. Hún borðar meira að segja tvær pönnukökur. Svo þurrkar hún sér um munninn á rósóttri servéttu.

– Ætlið þið að koma með mér í sund? spyr Haraldur frændi þegar þær eru orðnar pakksaddar. Sundlaugin hér á Blönduósi er alveg frábær.

– Það er góð hugmynd, segir mamma.

– Ég er með sundtöskuna tilbúna, segir Haraldur frændi og tekur upp ípróttatösku sem stendur við útidyrnar.

Mamma og Emilía ná í sundföt og handklæði í bílinn. Svo ganga þau öll yfir í sundlaugina.

Hvað átti Haraldur við þegar hann sagði að þær yrðu að vera vel haldnar þegar þær færu að eltast við örninn?



Í lauginni er líf og fjör. Emilía fer margar bunur í rennibrautinni. Svo gengur hún yfir í heita pottinn þar sem Haraldur frændi situr og talar við mömmu.

– Finnst þér ég ekki eiga glæsilega skýlu, Emilía? spyr hann þegar Emilía er komin í heita pottinn.

Sundskýlan er þröng og með mynstri sem er eins og húðin á tígrisdýri.

– Þessa sundskýlu keypti ég í sólarlandafaerð árið 1977, heldur hann áfram. Það var dásamleg ferð í alla staði og ég kom dökkbrúnn aftur heim.



Emilía kinkar kolli. Á móti Haraldi frænda og mömmu situr kona. Hún er með stóran fugl með útbreidda vængi húðflúraðan á öxlina og upphandlegginn. Emilía getur ekki stillt sig um að stara á fuglinn. Svo ákveður hún að spyrja konuna:

– Er þetta nokkuð örn? segir hún og bendir á fuglinn.

– Snjöll ertu að þekkja hann, svarar konan. Þetta er örn sem ég lét setja á mig þegar ég bjó í Mexíkó fyrir mörgum árum. Örninn er sterkur og stór fugl. Það er mynd af erni á fánanum í Mexíkó. Sá örn er með snák í gognum. Ég ímynda mér að örninn minn haldi yfir mér verndarvæng, segir konan og strýkur yfir öxlina. Emilía er ekki alveg viss um hvað konan á við. Hún ímyndar sér samt að konunni finnist hún vera öruggari með þennan örn á öxlinni.

Hvað heldur þú að konan hafi átt við þegar hún sagði að örninn héldi yfir henni verndarvæng?


Að örninn passi hana einhvern veginn fyrir því sem er hættulegt. Örninn var að minnsta kosti virkilega glæsilegur.

– Nú er ég hrædd um að við verðum að drífa okkur, segir mamma og lítur á Emilíu. Við eigum bráðum stefnumót í Kolgrafafirði. Við verðum að fara upp úr.

– Ég ætla að vera aðeins lengur í

pottinum, mér finnst svo notalegt hérna, segir Haraldur frændi.

Komið endilega líka við hjá mér leiðinni heim, mér finnst svo gaman að fá gesti.



Skoðaðu kortið á blaðsíðu 7 og finndu Kolgrafafjörð.

Elsa Engilráð og Emilía kveðja Harald frænda og þakka honum aftur fyrir veitingarnar. Þegar þær ganga inn í búningasklefan situr hann í pottinum í hrókasamræðum við konuna með arnarhúðflúrið.



5. kafli

Á meðan Emilía og mamma hennar aka áleiðis til Snæfellsness segir mamma frá því hvernig fuglar eru merktir til að hægt sé að fylgjast með ferðum þeirra.

Emilía horfir á fjöllin og síðan les hún í bókinni sem hún tók með sér. Það er saga um stelpu sem heitir Lísu og dettur niður í kanínuholu og lendir í Undralandi þar sem hún kynnist allskonar furðudýrum og einkennilegu fólki. Emilíu finnst sagan um Lísu í Undralandi skemmtileg. En þó að bókin stytta Emilíu stundir finnst henni þær lengi á leiðinni. Mamma stöðvar loks bílinn og ekur út í kant.

– Við erum að verða komnar. Nú hringi ég í hann Pavel, segir hún.
Mamma nær sambandi við fuglafræðinginn.
– Í fjörunni fyrir neðan brúna, segir hún. Fínt er. Sjáumst! Hún leggur símann frá sér.
– Feðgarnir, Pavel og Aron sonur hans, bíða eftir okkur hjá brúnni yfir Kolgrafafjörð, segir hún við Emilíu. Mér skilst að þar sé aldeilis líf og fjör og margt að sjá.

– Hvernig líf og fjör? spyr Emilía.

– Þú kemst að því rétt strax, svarar mamma.

Þær aka yfir brú. Emilía sér tvo seli synða í sjónum. Þeir nudda saman nefjum eins og þeir séu að kysast.

Hvað átti mamma Emilíu við þegar hún sagði að það væri líf og fjör í Kolgrafafirði?



– Selir! hrópar hún. Getum við stoppað og skoðað þá, mamma?

– Við stoppum rétt strax, þarna hjá hinni brúnni er beðið eftir okkur.

Skömmu síðar fara þær yfir aðra brú og mamma ekur lítinn slóða sem liggur niður í fjöru.

Elsa Engilráð leggur bílnum við hliðina á stórum pallbíl. Fyrir framan bílinn standa maður og strákur á aldur við Emilíu.

Maðurinn er með kíkí í ól um hálsinn.

Mamma og Emilía fara út og mamma gengur á undan til mannsins.

– Sæl og blessuð, segir hann og heilsar mömmu. Þetta er hann Aron, sonur minn, segir hann og bendir á strákinn.

Strákurinn brosir.

– Þessi fjörður heitir Kolgrafafjörður, segir mamma. Svo bendir hún út yfir sjóinn:

– Sjáið alla sjófuglana, krakkar!

Manstu orðið yfir kíkí sem Jónas Hallgrímsson bjó til og sagt var frá í 3. kafla?



Skyndilega flýgur mávur að þeim, hann sveimar fyrir ofan höfuðið á þeim. Stór, hvít klessa fellur á öxlina á mömmu. Hún rennur eftir úlpunni hennar og niður á bak.


– Hahaha, Aron skellihlær. Fuglinn skeit á þig! Mamma teygir hausinn og reynir að sjá skítinn.

– Oj bara, segir hún. Hún brosir samt.

– Ég verð að finna eitthvað til að þurrka þetta af með, segir hún svo og tekur upp smá þanglufsu. Geturðu prófað að strjúka fugla-dritið af, Emilía?

Emilía reynir að þurrka dritið af úlpunni hennar mömmu. Það gengur ekki vel.

– Æ, ég set úlpuna bara í þvottavélina við tækifæri, segir mamma. Nú skulum við skoða dýralífið. Hún bendir út á fjörðinn og segir krökkunum að ljósleitu fuglarnir sem steypi sér niður svo gusurnar ganga upp úr sjónum heiti súlur. Súlurnar eru að veiða síld. Kolgrafa-fjörður er fullur af síld. Rétt við fjöruborðið synda selir og fuglar sem heita fýlar.



Svo bendir Pavel skyndilega út á fjörðinn og tekur af sér kíkinn og hengir hann um hálsinn á Emilíu.

– Horfðu þangað! hann bendir. Emilía horfir í kíkinn. Hún sér nokkra hvali stökkva. Stóru bakuggarnir á þeim standa upp úr sjónum.

– Háhyrningar! segir Aron.
Það er fullt af þeim hérna.

Hvernig
vissi Aron
að Emilía sá
háhyrninga í
kíkinum?

Emilía horfir í kíkin og sér að það er lítill bátur úti á firðinum. Um borð í bátinum eru menn í björgunarvestum. Þeir eru með myndavélar með stórar linsur að taka myndir af hvölunum og fuglunum.

– Stundum eru ernirnir sveimandi hérna yfir firðinum, segir Pavel. Ég hef ekki séð örn hér í dag en ég fékk upplýsingar um arnarhreiður úti í hrauni. Við reynum að finna það. Förum öll á pallbílnum.





6. kafli

Mamma gengur að bílnum þeirra Emilíu og opnar skottið og tekur út lítinn bakpoka. Svo fara þau öll upp í stóra pallbílinn. Pavel ekur smáspöl á þjóðveginum og síðan beygir hann inn á mjóan malarlóða. Eftir stutta stund stöðvar hann bílinn.

- Héðan þurfum við að ganga, segir hann.

Hvaða munur er á þjóðvegi og slóða?

Þau ganga af stað. Pavel og Elsa Engilráð eru bæði með bakpoka og Pavel er með kíkinn. Hann gengur eftir stíg sem liggur yfir hraun og mosa. Skyndilega stoppar hann. Hann horfir í kíkinn.

- Þarna! segir hann og bendir.

Og þá sjá þau skyndilega tvo erni koma svífandi. Þeir eru með vængina útbreidda og fljúga ógnandi á móti þeim. Það er ekki laust við að Emilía og Aron séu dálítið smeyk. Mamma leggur hendur á axlir þeirra. En ernirnir sveigja frá og Emilía sér að annar þeirra sest á stóran stein langt frá þeim.

Pavel gengur dálítið lengra og bendir þeim á hreiður í litlum kletti. Þar eru tveir dökkir ungar. Þeir sitja á þurru grasi. Fjaðrirnar á hálsinum á þeim eru úfnar og á höfðinu á þeim er hvítt fiður. Fæturnir eru gulir og á þeim eru hvassar klær. Ungarnir eru dálítið grimmir á svipinn. Svo garga þeir óskaplega hátt.

– Ósköp eru þetta mikil krútt, segir mamma. Þið skuluð ekki koma alveg að þeim, við megum ekki hræða þá óþarflega mikið. Pavel gengur að hreiðrinu og tekur af sér bakpokann. Upp úr pokanum tekur hann stóra og þykka hanska sem hann fer í.

Hvers vegna fór fuglafræðingurinn í þykka hanska?



Hann tekur fleira dót upp úr bakpokanum og fer nær ungunum. Þeir skrækja reiðilega.

– Svona svona, segir hann og grípur fimlega annan ungan. Það skiptir öllu máli að ná taki á klónum. Það má segja að klærnar séu vopnin þeirra og ef maður nær taki á þeim þá eru þeir orðnir vopnlausir og róast.

Og þetta er rétt. Unginn verður rólegri og Pavel festir merki utan um fótinn á honum með þar til gerðri fuglamerkingartöng. Svo fer hann eins að með hinn ungan. Mamma Emilíu er búin að taka upp tilraunaglas úr plasti og sprautu og nál.

Á meðan Pavel heldur unganum sýgur mamma örlítið blóð úr honum og setur í glasið. Þetta finnst krökkunum spennandi. En Pavel og Elsa Engilráð eru fljót að þessu öllu. Þau mega ekki trufla fuglana of lengi. Þau taka líka nokkrar fjaðrir með sér. Líffræðingar rannsaka erfða-efnið í fjöðrunum til að fá vitneskju um hvaða ernir eru skyldir.

Hvers vegna flýtti fuglafræðingurinn sér að merkja fuglana?

– Nú förum við, segir Pavel. Maður má ekki að raska ró fuglanna meira en nauðsynlegt er. Við erum búin að merkja þá og taka úr þeim sýni sem við getum rannsakað. Næsta sumar sjáum við þessa arnarunga vonandi á flugi einhvers staðar hér í nágrenninu. Og eftir nokkur ár verða þeir svo búnir að finna sér maka og eignast sína eigin unga.

Hvers vegna er mikilvægt að vernda haförninn?

Þau ganga til baka og skima eftir arnarparinu, foreldrum unganna.

Annar fullorðni örninn situr enn á steini langt frá þeim. Pavel lánar Emilíu og Aroni kíkinn svo þau geti horft á hann í smástund.

– Þetta var skemmtilegt, segir Aron við Emilíu þegar þau eru komin inn í bílinn.

– Jahá, segir Emilía. Mig langar að verða fuglafræðingur.


– Mig líka, segir Aron. Við getum orðið fuglafræðingar og skoðað allskonar fugla. Líka fugla sem búa í skógum og borgum og fugla sem synda á sjó.

– Eruð þið ekki orðin svöng? spyr Pavel þegar hann setur bílinn í gang.


– Jú, svarar Aron samstundis.

Emilía finnur líka að hún er orðin svöng.

– Ég legg til að ég aki að ykkar bíl hjá brúnni og svo verðum við í samfloti í Stykkishólm og fáum okkur hamborgara, segir Pavel.




Hvað átti Pavel við þegar hann sagði að þau yrðu í samfloti?



– Tillagan er samþykkt með öllum greiddum atkvæðum, segir mamma.

Á meðan krakkarnir borða hamborgara segir Pavel þeim ýmislegt fróðlegt og forvitnilegt um haförninn á Íslandi.

Þær sögur verða ekki sagðar hér en þú getur verið viss um Aron og Emilía gleyma aldrei deginum þegar þau fengu að skoða hafernina.



Viltu vita meira?

Viltu vita meira?



Haförninn, sem oftast er bara kallaður örn, er stærsti ránfuglinn á Íslandi.

Ránfuglar veiða oft lifandi bráð. Einkenni ránfugla eru bogið og hvasst nef, beittar klær og mjög góð sjón.

Haförninn er **staðfugl**. Það þýðir að hann býr á Íslandi allt árið.

Arnarklær eru gular á litinn. Goggurinn á ungum örnnum er dökkur en lýsist og verður gulur á fullvöxnum örnnum.

Viltu vita meira? Viltu vita meira?

Kvenfuglinn er stærri en karlfuglinn. Kvenfuglinn er stundum kallaður **assa**.



Þegar haförninn breiðir út vængina geta verið allt að 240 cm á milli vængendanna. Það er um það bil jafn langt og sófi með þremur sætum. Lengdin frá gogginum aftur að stélsenda er um 90 cm.

Arnahreiður eru stundum byggð úr hrúgu af kvistum. Þau eru kölluð **laupar**. Oft verpa ernir líka í hrúgur úr þangi og hvannarstönglum eða jafnvel í holu sem þeir fóðra með visnuðu grasi.

Ernir búa sér yfirleitt til **hreiður** í lok mars og verpa um miðjan apríl.

Fyrstu 2–3 vikur ævinnar eru **arnarungar** veikburða og foreldrarnir þurfa að skýla þeim vel fyrir veðri og vindum. Yfirleitt kemst bara einn ungi upp í hverju hreiðri. Foreldrarnir mata ungana fyrstu 5–6 vikurnar.

Viltu vita meira?

Viltu vita meira?



Uppáhaldsfæða
arna er fuglar og fiskar
en þeir éta einnig hræ af
ýmsum dýrum.

Ernir geta orðið **töluvert gamlir**.
Elsti örninn á Íslandi árið 2012 var
19 ára. Ernir sem hafa verið merktir
í útlöndum hafa orðið yfir 30 ára.

Á Íslandi fylgjast visindamenn vel með
erninum. **Ernir eru taldir** úr flugvélum
á vorin og aftur á haustin. Ungar eru
líka merktir, þá er settur hringur með
sérstöku merki á hægri fót fuglsins.



Ef þú sérð merktan örn skaltu
láta Náttúrufræðistofnun
Íslands vita, þar er netfangið
fuglamerki@ni.is.

Gömul þjóðtrú
segir að **arnarkló** verndi
hús gegn bruna.

Viltu vita meira? Viltu vita meira?

Ernir kunna best við sig við **strendur og við ár og vötn**. Áður fyrr verptu þeir oftast í hömrum. Eftir að þeir voru friðaðir hafa þeir aðallega búið sér hreiður í hölmum eða á stöðum nálægt sjó.



Þar til um aldamótin 1900 **verptu** ernir víða á Íslandi. Nú verpa ernir aðeins á Vesturlandi; við Faxaflóa, Breiðafjörð og á Vestfjörðum.

Árið 2012 verptu 69 arnarpör á Íslandi.

Viltu vita meira?

Viltu vita meira?

Fyrir um það bil 130 árum **verptu um 150 arnarpör á Íslandi** en þá fór fuglunum að fækka.

Ernir voru ýmist drepnir vegna þess að þeir voru taldir grimmir og hættulegir eða að þeir dóu vegna þess að þeir átu dauða refi sem eitrað hafði verið fyrir.


Íslendingar voru fyrsta þjóðin sem **fríðaði** örninn alfarið. Það var gert árið 1914.

Að dýr séu fríðuð þýðir að bannað er að veiða þau, trufla eða gera þeim nokkurt mein. Hreiður og egg fríðaðra fugla á alltaf að láta í fríði.



Viltu vita meira? Viltu vita meira?

FJÖLDI PARA



Línuritið sýnir fjölda hafarnarpara á Íslandi á árunum 1870–2012. Hvert par er tveir ernir og svo bætast ungar við. Örninn var friðaður árið 1914.

Athugaðu á línuritinu hvenær ernirnir fóru að fjölga sér.

Spjallið saman og rifjið upp söguna.



Hvaða persónur eru í sögunni?

Hvernig byrjaði sagan?

Ræðið söguþráðinn og hvað gerðist.

- Hvaða finnst ykkur merkilegast?
- Hvers vegna fóru mæðgurnar í ferðina?
- Hvað gerðist óvænt?

Tafla sem styðjast má við þegar við segjum frá.

Hvernig endaði sagan?

persónur	byrjun	söguþráður	endir
----------	--------	------------	-------

Skóðið saman teikningarnar í bókinni.


- Veljið tvær og ræðið hvernig þið mynduð lýsa þeim.
- Ræðið hvaða teikning ykkur finnst skemmtilegust og hvers vegna.
- Búið til texta við myndasöguna á bls. 41.

Hugarkort

Hvað kemur upp í hugann þegar þið heyrð orðið **haförn**?

En þegar þið heyrð orðið **líffræðingur**?

Notið hugarkort til að hjálpa ykkur.



Orðaveiðar

Í sögunni eru mörg orð sem eru **samsett** úr tveimur eða fleiri orðum.

Farið á veiðar í bókinni og finnið að minnsta kosti fimm **samsett orð**.



Nýyrði

- Í sögunni segir mamma Emilíu frá því að skáldið Jónas Hallgrímsson hafi búið til mörg **ný orð**.
- Reynið að búa til ný orð (nýyrði).
- Hvaða ný orð lærðuð þið í þessari bók?



Sestu  Lestu

Leitin að haferninum



Leitin að haferninum er fyrsta bókin í flokknum *Sestu og lestu!*

Efnið er ætlað börnum á yngsta- og miðstigi grunnskólans sem hafa náð tókum á undirstöðu-atriðum lestrar.

Því er ætlað að vekja með börnunum lestrargleði og áhuga og kynna fyrir þeim mismunandi framsetningu texta.

Aftast í bókinni eru nokkur viðfangsefni sem ætlast er til að börnin vinni saman og ræði.

Höfundur er Þórdís Gísladóttir.
Myndir teiknaði Ingi Jensson.



Námsgagnastofnun
05187

ISBN-13: 978-9979-0-16438

